



Umferðaröryggisaðgerðir 2022

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar upplýsir hér með íbúaráðin um að skrifstofan hefur í samræmi við umferðaröryggisáætlun Reykjavíkurborgar 2019-2023 unnið að undirbúningi aðgerða til að bæta umferðaröryggi í borginni í samstarfi við skrifstofu framkvæmda og viðhalds. Um er að ræða 18 staði og áætlaður heildarkostnaður við aðgerðir eru 155 miljónir. Þann 10. ágúst sl. samþykkti Umhverfis- og skipulagsráð að klára undirbúning þessara aðgerða með það að markmiði að bjóða þær út til framkvæmda haustið 2022. hér að neðan má sjá yfirlit yfir aðgerðirnar:

1. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Hofsvallagötu til móts við Vesturbæjarlaug. Aðkoma óvarinna vegfarenda framhjá Bílastæði Vesturbæjarlaugar bætt. Eitt hliðarstæði meðfram Hofsvallagötu fjarlæggt og eitt stæði merkt fyrir hreyfihamlaða.
2. Ný gangbraut, gangbrautarlýsing og gatnamótalagfæringar yfir Holtsgötu til móts við Framnesveg.
3. Ný gangbraut, gangbrautarlýsing og gatnamótalagfæringar yfir Öldugötu til móts við Framnesveg.
4. Upphækkunir núverandi gangbrauta yfir Bólstaðarhlíð og Skipholt við Háteigsveg. Gangbrautarlýsing og gatnamótalagfæringar á Bólstaðarhlíð til móts við Háteigsveg.
5. Ný gangbraut, upphækkun, gangbrautarlýsing og lagfæringar á sjónlengdum yfir Langholtsveg til móts við Langholtsveg 124.
6. Fallvarnir við stíg meðfram Miklubraut við göngubrú til móts við Skeifuna.
7. Hraðalækkandi koddar og lagfæring gangbrautarlýsingar á núverandi gangbraut yfir Bústaðarveg til móts við Borgarspítala.
8. Fallvarnir við stíg meðfram Breiðholtsbraut til móts við Mjóddina, Árskóga.
9. Færsla á þverun yfir Arnarbakka rétt austan Stekkjarbakka.
10. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Jaðarsel til móts við Seljaskóla.
11. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Norðurhóla til móts við Vesturhóla.
12. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Krummahóla til móts við Vesturhóla.
13. Lagfæringar göngubverunar yfir Krókavað.
14. Ný gangbraut með upphækkun og gangbrautarlýsingu yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut. Hraðalækkandi alda yfir Norðlingabraut til móts við göngubrú yfir Breiðholtsbraut.
15. Hraðalækkandi koddar og bætt lýsing við göngubverun yfir Borgarveg norðan Gufuneskirkjugarðs. Minniháttar lagfæringar á biðstöð Strætó.
16. Lagfæring aðkomu stíga við undirgöng undir Víkurveg til móts við Egilshöll.
17. Hraðalækkandi koddar ásamt bættri lýsingu og lagfæringu biðsvæða Strætó við Lambhagaveg norðan Reynisvatnsvegjar.
18. Ný gangbraut yfir Kollagrund, til móts við Klébergsskóla.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Höskuldur Rúnar Guðjónsson

Samgönguverkfræðingur

